

## Ársskýrsla Hafréttarstofnunar Íslands fyrir árið 2019.

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa, auk Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Stjórn stofnunarinnar skipuðu Björg Thorarensen, stjórnarformaður, og Pétur Dam Leifsson af hálfu Háskóla Íslands, Brynhildur Benediktsdóttir og Arnór Snæbjörnsson af hálfu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og Sturla Sigurjónsson og Finnur Þór Birgisson af hálfu utanríkisráðuneytisins, en Anna Jóhannsdóttir leysti Sturlu af hólmi 15. mars og Sigríður Eysteinsdóttir leysti Finn Þór af hólmi 1. september. Forstöðumaður stofnunarinnar í hlutastarfi er Tómas H. Heiðar.

Hafréttarstofnun veitti styrki til íslenskra þátttakenda og þátttakenda frá þróunarlöndum í námskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti sem haldið var 30. júní – 19. júlí í ár. Hafréttarstofnun vetti þremur Íslendingum, Dagmar Sigurðardóttur, Huga Ólafssyni og Lísu Anne Libungan, styrki til þátttöku í námskeiðinu. Enn fremur veitti stofnunin sex einstaklingum frá þróunarlöndum, Madagaskar, Vietnam, Jamaíka, Samóa-eyjum, Sierra Leóne, og Trínidad og Tóbago, styrki til þátttöku í námskeiðinu, en þróunarsamvinnuskrifstofa utanríkisráðuneytisins veitti sérstakt framlag vegna fjögurra síðastnefndu styrkjanna.

Hafréttarstofnun á aðild að Ródos-akademíunni og á forstöðumaður stofnunarinnar sæti í stjórn akademíunnar. Árlegt námskeið akademíunnar í hafrétti er helsta námskeið á þessu sviði í heiminum. Forstöðumaður annaðist yfirumsjón, kennslu og prófun í annarri viku námskeiðsins í ár.

Í byrjun október var heimasíða stofnunarinnar, sem unnið hefur verið að um nokkurt skeið, opnuð á vefslóðinni [www.hafrettarstofnun.hi.is](http://www.hafrettarstofnun.hi.is).

Í tilefni af 20 ára afmæli Hafréttarstofnunar efndi hún til málstofu undir heitinu „Hafið bláa hafið“ í Norræna húsinu 7. október. Á málstofunni var fjallað um hafáherslur í formennskum Íslands í Norðurskautsráðinu, Norrænu ráðherranefndinni og samstarfi utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Stjórnarformaður Hafréttarstofnunar flutti afmælisávarp en síðan fluttu erindi þau Einar Gunnarsson, Geir Oddsson og Magnús Jóhannesson frá utanríkisráðuneytinu, Vilhjálmur Jens Árnason frá Íslenska sjávarklasanum, Sigríður Ragna Sverrisdóttir frá Klöppum Grænum Lausnum og Sverrir Konráðsson frá Samgöngustofu. Í kjölfarið spunnust fjörugar umræður. Málstofan var fjölsótt en forstöðumaður stofnunarinnar stýrði henni.

Unnið var að útgáfu rits með greinum ræðumanna frá ráðstefnunni „New Knowledge and Changing Circumstances in the Law of the Sea“ sem Hafréttarstofnun efndi til ásamt Hafmálastofnun Suður-Kóreu í Veröld, HÍ, 28.-30. júní 2018. Þess er vænst að ritið komi út á næsta ári.

Forstöðumaður Hafréttarstofnunar þáði boð um að halda kennslufyrirlestra á sviði hafréttar í eftirfarandi stofnunum á árinu: Háskóla Íslands, lagadeild, Reykjavík, í

febrúar; Háskólanum í Ankara, Tyrklandi, í apríl; International Law of the Sea Summer Academy, Kadir Has University, Istanbul, Tyrklandi, í júlí; IFLOS Summer Academy, Hamborg, Þýskalandi, í júlí; Yeosu Academy of the Law of the Sea, Yeosu, Suður-Kóreu, í ágúst.

Forstöðumaður þáði enn fremur boð um þátttöku í eftirfarandi akademískum ráðstefnum á árinu þar sem hann hélt fyrirlestra um málefni á sviði hafréttar: Pacific Islands Forum Fisheries Agency Judicial Symposium: Responsibility in Fisheries, Honiara, Salómonseyjum, í ágúst; 2019 International Conference on the Law of the Sea: New Developments in the Law of the Sea and the Role of ITLOS, The Korean Society of International Law, Seoul, Suður-Kóreu, í ágúst; 25 Years of the United Nations Convention on the Law of the Sea, Alþjóðlega hafréttardóminum, Hamborg, Þýskalandi, í október; The Dynamics of Disputes over IUU Fishing: Regime Convergence and *Lex Ferenda*, Lúxemborg, í nóvember.

Loks skal þess getið að á grundvelli samnings við lagadeild H.Í. hélt Hafréttarstofnun áfram að styrkja kennslu og rannsóknir í hafrétti við deildina.